

Nr. 21-047 S 032 Drangavík VE 80***Skipverji slasast á hendi***

Skipaskr.nr. 2048 IMO nr. 8812045
Smíðaður: Portúgal 1991, stál
Útgerð: Vinnslustöðin hf
Stærð: 356,5 BT
Mesta lengd: 28.98 m Skráð lengd: 28.02 m
Breidd: 7.9 m Dýpt: 6.2 m
Vél: Deutz 465 kW, 1991
Fjöldi skipverja: 13



Drangavík©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 1. nóvember 2021 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasyni og Pálma K. Jónssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 5. febrúar 2021 var Drangavík VE 80 við landfestar í Vestmannaeyjarhöfn.

Skipverji var að athuga með olíuleka frá gír aðalvélar, sem var í gangi, þegar hann rak hægri hendina í tengi milli gírsins og rafala með þeim afleiðingum að hann slasaðist.

Við rannsókn kom fram:

- að sauma þurfti sár á handarbakinu á slasaða;
- að hlíf var yfir tenginu en náði ekki alveg niður;
- að eftir atvikið var smíðuð önnur hlíf sem lokaði bilinu til að koma í veg fyrir svona slys.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.